

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2016/127****2016/EES/63/07****frá 25. september 2015****um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 að því er varðar sértækar samsetningar- og upplýsingakröfur fyrir ungbarnablöndur og stoðblöndur og að því er varðar kröfur um upplýsingar sem varða ungbarna- og smábarnafæði (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 609/2013 frá 12. júní 2013 um matvæli sem eru ætluð ungbörnum og smábörnum, matvæli sem eru notuð í sérstökum læknisfræðilegum tilgangi og þyngdarstjórnunarfæði í stað alls annars fæðis og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/52/EBE, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 96/8/EB, 1999/21/EB, 2006/125/EB og 2006/141/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB og reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 41/2009 og (EB) nr. 953/2009 <sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/141/EB <sup>(2)</sup> er mælt fyrir um samræmdar reglur um ungbarnablöndur og stoðblöndur innan ramma tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB <sup>(3)</sup>.
- 2) Tilskipanir 2009/39/EB og 2006/141/EB eru felldar úr gildi með reglugerð (ESB) nr. 609/2013. Í þeirri reglugerð er mælt fyrir um almennar kröfur varðandi samsetningu mismunandi flokka matvæla og upplýsingar um þá, þ.m.t. ungbarnablöndur og stoðblöndur. Framkvæmdastjórnin verður að samþykkja sértækar samsetningar- og upplýsingakröfur fyrir ungbarnablöndur og stoðblöndur með tilliti til ákvæða tilskipunar 2006/141/EB.
- 3) Ungbarnablöndur eru einu unnu matvælin sem uppfylla að öllu leyti næringarþarfir ungbarna fyrstu mánuði ævinnar uns byrjað er að gefa þeim viðeigandi viðbótarfæðu. Til að vernda heilsu þessara ungbarna er nauðsynlegt að tryggja að ungbarnablöndur séu einu vörurnar, sem settar eru á markað sem viðeigandi til slíkrar notkunar, handa börnum á þessu æviskeiði.
- 4) Grunnsmsetning ungbarnablandna og stoðblandna skal vera þannig að þær fullnægi næringarþörfum heilsuhraustra ungbarna eins og þær hafa verið ákvarðaðar á grundvelli almennt viðurkenndra vísindalegra gagna.
- 5) Ungbarnablöndur og stoðblöndur eru flóknar framleiðsluvörur sem eru sérúrunnar fyrir viðkvæma neytendahópa. Til að tryggja öryggi og hentugleika slíkra vara ætti að mæla fyrir um ítarlegar kröfur um samsetningu ungbarnablandna

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 25, 2.2.2016, bls. 1. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 208/2016 frá 28. október 2016 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 181, 29.6.2013, bls. 35.

<sup>(2)</sup> Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/141/EB frá 22. desember 2006 um ungbarnablöndur og stoðblöndur og um breytingu á tilskipun 1999/21/EB (Stjtið. ESB L 401, 30.12.2006, bls. 1).

<sup>(3)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/39/EB frá 6. maí 2009 um matvæli sem eru ætluð til sérstakra næringarlegra nota (Stjtið. ESB L 124, 20.5.2009, bls. 21).

og stoðblandna, þ.m.t. kröfur um orkugildi og innihald nauðsynlegra frumefna og snefilefna. Þessar kröfur ættu að byggjast á nýjustu vísindalegu ráðgjöf Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) í álitni hennar um grunnsamsetningu ungbarna- og stoðblandna <sup>(4)</sup>

- 6) Til að tryggja nýsköpun og vörubrúun ætti að vera frjálst að bæta innihaldsefnum, sem falla ekki undir sértækar kröfur samkvæmt þessari reglugerð, við ungbarnablöndur og stoðblöndur. Öll innihaldsefni, sem notuð eru við framleiðslu á ungbarnablöndum og stoðblöndum, ættu að vera við hæfi ungbarna og sýna ætti fram á hentugleika þeirra, ef nauðsyn krefur, með viðeigandi rannsóknum. Það er á ábyrgð stjórnenda matvælafyrirtækja að sýna fram á slíkan hentugleika og á ábyrgð lögbærra landsyfirvalda að taka til athugunar, í hverju tilviki fyrir sig, hvort sú er raunin. Sérfræðingar á sviði vísinda, eins og vísindanefndin um matvæli, nefnd Bretlands um læknisfræðilega þætti í stefnumótun um matvæli og næringu (the UK Committee on the Medical Aspects of Food and Nutrition Policy) og Evrópusamtök um meltingarsjúkdóma, lifrarsjúkdóma og næringu barna (the European Society for Paediatric Gastroenterology, Hepatology and Nutrition), hafa gefið út leiðbeiningar um tilhögun og framkvæmd viðeigandi rannsókna. Taka ætti tillit til slíkra leiðbeininga við framleiðslu á ungbarnablöndum eða stoðblöndum.
- 7) Samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 609/2013 verður framkvæmdastjórnin að samþykkja ákvæði sem takmarka eða banna notkun varnarefna og um varnarefnaleifar í ungbarnablöndum og stoðblöndum, að teknu tilliti til þeirra sem eru sem stendur fastsett í viðaukunum við tilskipun 2006/141/EB. Þar eð Matvælaöryggisstofnunin þarf að framkvæma ítarlegt mat á ýmsum þáttum, þ.m.t. hversu viðeigandi eiturefnafræðilegu viðmiðunargildin eru fyrir ungbörn og smábörn, tekur töluverðan tíma að samþykkja ákvæði sem eru í samræmi við núverandi vísindabekkingu. Með tilliti til þess að þessi framselda reglugerð skal samþykkt fyrir 20. júlí 2015, í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 609/2013, ætti á þessu stigi að taka viðkomandi fyrirleggjandi kröfur í tilskipun 2006/141/EB upp í þessa reglugerð. Þó er rétt að nota hugtökin í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 <sup>(5)</sup>.
- 8) Í tilskipun 2006/141/EB er mælt fyrir um sértækar kröfur varðandi notkun varnarefna í vörur sem ætlaðar eru til framleiðslu á ungbarnablöndum og stoðblöndum og varðandi varnarefnaleifar í slíkum matvælum, á grundvelli tveggja álita vísindanefndarinnar um matvæli frá 19. september 1997 <sup>(6)</sup> og 4. júní 1998 <sup>(7)</sup>.
- 9) Á grundvelli varúðarreglunnar eru fastsett afar lág gildi, sem nema 0,01 mg/kg, fyrir leifar allra varnarefna. Að auki eru settar enn strangari takmarkanir fyrir fáein varnarefni eða umbrotsefni varnarefna þar sem hámarksgildi leifa, sem nema 0,01 mg/kg, fyrir leifar efnanna gætu jafnvel, í verstu tilvikum, leitt til váhrifa á ungbörn og smábörn þar sem farið er yfir ásættanlega, daglega inntöku.
- 10) Bann við notkun tiltekinnna varnarefna tryggir ekki endilega að ungbarnablöndur og stoðblöndur séu lausar við þessi varnarefni þar eð sum varnarefni eru þrávirk í umhverfinu og hægt er að finna leifar þeirra í matvælunum. Af þessum sökum teljast þessi varnarefni ekki hafa verið notuð ef leifarnar eru undir tilteknu gildi.
- 11) Ungbarnablöndur og stoðblöndur verða að vera í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 <sup>(8)</sup>. Til þess að taka til greina sérstakt eðli ungbarnablöndna og stoðblandna og til að stuðla að og vernda brjóstagjöf ætti í þessari reglugerð að mæla fyrir um viðbætur og undanþágur að því er varðar þessar almennu reglur, eftir því sem við á.

<sup>(4)</sup> Sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um sérfaðu, næringu og ofnæmi, 2014. „Scientific Opinion on the essential composition of infant and follow-on formulae“, Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2014 12(7), 3760.

<sup>(5)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE (Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls.1).

<sup>(6)</sup> „Opinion of the Scientific Committee for Food on a maximum residue limit (MRL) of 0,01 mg/kg for pesticides in foods intended for infants and young children“ (birt 19. september 1997).

<sup>(7)</sup> „Further advice on the opinion of the Scientific Committee for Food expressed on the 19 September 1997 on a Maximum Residue Limit (MRL) of 0,01 mg/kg for pesticides in foods intended for infants and young children“ (samþykkt af hálfu vísindanefndarinnar 4. júní 1998).

<sup>(8)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011 frá 25. október 2011 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda, um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 og (EB) nr. 1925/2006 og um niðurfellingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 87/250/EBE, tilskipun ráðsins 90/496/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/10/EB, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB, tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 2002/67/EB og 2008/5/EB og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 608/2004 (Stjtið. ESB L 304, 22.11.2011, bls. 18).

- 12) Vegna sérstaks hlutverks ungbarnablöndna og stoðblöndna í fæðu ungbarna er mikilvægt að tryggja að á vörum, sem fluttar eru út til þriðju landa, séu veittar matvælaupplýsingar á tungumáli sem foreldrar og umönnunaraðila skilja auðveldlega ef sérstök viðeigandi ákvæði, sem innflutningslandið hefur sett eða samþykkt, eru ekki til staðar.
- 13) Vegna mismunandi hlutverka ungbarnablöndna og stoðblöndna í fæðu ungbarna þykir rétt að mæla fyrir um ákvæði þar sem krafist er að hægt sé að gera skýran greinarmun á þeim til að ekki sé nein hættu á ruglingi.
- 14) Næringaryfirlýsing fyrir ungbarnablöndur og stoðblöndur er mikilvæg til að tryggja viðeigandi notkun þeirra, bæði fyrir foreldra og umönnunaraðila og fyrir faglærða heilbrigðisstarfsmenn sem mæla með neyslu á þeim. Af þeim sökum og til að veita fyllri upplýsingar ætti næringaryfirlýsingin að innihalda meiri upplýsingar en þær sem krafist er í reglugerð (ESB) nr. 1169/2011. Að auki ætti undanþágan, sem kveðið er á um í 18. lið V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1169/2011, ekki að gilda og næringaryfirlýsingin ætti að vera lögboðin fyrir allar ungbarnablöndur og stoðblöndur, án tillits til stærðar umbúðanna eða ílátsins.
- 15) Ákvæði 2. mgr. 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011 inniheldur takmarkaðan lista yfir næringarefni sem hægt er að bæta valkvætt við næringaryfirlýsinguna fyrir matvæli. Það ákvæði nær ekki yfir öll efni sem kann að vera bætt við ungbarnablöndur og stoðblöndur. Til að tryggja skýrleika laganna ætti að mæla skýrt fyrir um að næringaryfirlýsing fyrir ungbarnablöndur og stoðblöndur geti innihaldið slík efni. Að auki, í tilteknum tilvikum, gætu ítarlegri upplýsingar um prótín, kolvetni og fitu, sem koma fyrir í vörinni, veitt foreldrum, umönnunaraðilum og faglærðum heilbrigðisstarfsmönnum gagnlegar viðbótarupplýsingar. Stjórnendum matvælafyrirtækja ætti því að vera heimilt að greina frá slíkum upplýsingum valkvætt.
- 16) Til að auðvelda samanburð á vörum ætti næringaryfirlýsingin fyrir ungbarnablöndur og stoðblöndur að vera gefin upp fyrir 100 ml af vöru, sem er tilbúin til notkunar eftir tilreiðslu, í samræmi við fyrirmæli framleiðandans.
- 17) Ungbarnablöndur eru matvæli sem eru ætluð til nota handa ungbörnum á fyrstu mánuðum ævinnar og sem í sjálfu sér fullnægja næringarþörf þessara ungbarna þar til byrjað er að gefa þeim viðeigandi viðbótarfæðu. Framsetning upplýsinga um næringarefni, að því er varðar orkugildi og magn næringarefna í ungbarnablöndu sem hundraðshluta af viðmiðunargildi fyrir daglega inntöku, myndi villa um fyrir neytendum og ætti því ekki að vera heimil. Á hinn bóginn eru stoðblöndur matvæli sem eru ætluð til nota handa ungbörnum þegar byrjað er að gefa þeim viðeigandi viðbótarfæðu og eru helsti hlutinn í fljótandi formi af fæðu þessara ungbarna sem smám saman verður fjölbreyttari. Af þeim sökum og til að tryggja samanburð við önnur matvæli, sem hægt er að nota í fæðu slíkra ungbarna, ætti að leyfa framsetningu upplýsinga um næringarefni fyrir stoðblöndur sem hundraðshluta af viðmiðunargildi fyrir daglega inntöku. Það eð heilbrigð ungbörn hafa aðrar næringarþarfir en fullorðnir myndi notkun viðmiðunargilda fyrir daglega inntöku, sem sett er fram fyrir fullorðna í reglugerð (ESB) nr. 1169/2011, villa um fyrir neytendum og ætti því ekki að vera heimil. Að því er varðar stoðblöndur ætti einungis að vera heimilt að setja fram upplýsingar um næringarefni sem hundraðshluta af tiltekinni viðmiðunarneyslu sem hentar aldursflokknum.
- 18) Næringar- og heilsufullyrðingar eru kynningartæki sem stjórnendur matvælafyrirtækja nota valkvætt í viðskipta-orðsendingum í samræmi við reglurnar í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006<sup>(9)</sup>. Vegna sérstaks hlutverks ungbarnablöndna í fæðu ungbarna ætti ekki að leyfa næringar- og heilsufullyrðingar fyrir ungbarnablöndur.
- 19) Yfirlýsingar um að ungbarnablöndur og stoðblöndur séu með eða án laktósa geta veitt foreldrum og umönnunaraðilum gagnlegar upplýsingar. Því þykir rétt að mæla fyrir um reglur varðandi slíkar yfirlýsingar sem kunna að vera endurskoðaðar með tilliti til framtíðarþróunar á markaðinum.
- 20) Lögbundin viðbót dókósaheksensýru (DHA) við ungbarnablöndur og stoðblöndur er ný krafa sem tekin er upp með þessari reglugerð eins og Matvælaöryggisstofnunin mælti nýlega með í álitinu um grunnsamsetningu ungbarna- og stoðblöndna. Þar eð leyfilegt var að bæta dókósaheksensýru við valkvætt samkvæmt tilskipun 2006/141/EB og foreldrar og umönnunaraðila þekkja næringarfullyrðinguna um tilvist dókósaheksensýru í ungbarnablöndum þar eð notkun hennar var leyfð samkvæmt þeirri tilskipun, ætti að leyfa stjórnendum matvælafyrirtækja að halda áfram

<sup>(9)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 frá 20. desember 2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli (Stjtið. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 9).

að vísa til tilvistar dókósahefensýru í ungbarnablöndum með yfirlýsingu, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, í takmarkaðan tíma til að forðast rugling. Þó er mikilvægt að yfirlýsingin veiti neytendum allar upplýsingar varðandi lögboðna tilvist dókósahefensýru í öllum ungbarnablönduvörum á markaðinum.

- 21) Notkun á vatnsrofsmyndefnum prótína sem prótíngjafa í ungbarnablöndum og stoðblöndum hefur verið leyfð samkvæmt tilskipun 2006/141/EB í mörg ár og notkun á vatnsrofsmyndefnum prótína við framleiðslu á blöndu er víðtæk á markaðinum. Þetta er einkum vegna þess möguleika, sem viðurkenndur er í tilskipuninni, að gera heilsufullyrðingu er varðar ungbarnablöndur, sem framleiddar eru úr vatnsrofsmyndefnum prótína, sem lýsir hlutverki slíkra blandna við að draga úr hættu á myndun ofnæmis fyrir mjólkurprótínum, samkvæmt tilteknum skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeirri tilskipun. Í álit Matvælaöryggisstofnunarinnar um grunnsamsetningu ungbarnablanda og stoðblanda er bent á að öryggi og hentugleiki hverrar tiltekinna blöndu, sem inniheldur vatnsrofsmyndefni prótína, verður að vera staðfest með klínisku mati og að enn sem komið er hafi einungis ein blanda, sem inniheldur mysupróttín sem eru vatnsrofin að hluta til, verið metin. Matvælaöryggisstofnunin benti einnig á að klínískar rannsóknir eru mikilvægar til að sýna fram á hvort og að hve miklu leyti sérstök blanda dragi úr hættu á myndun ofnæmis til lengri eða skemmi tíma hjá ungbörnum sem eru í áhættuhópi og eru ekki höfð á brjósti. Með tilliti til álits Matvælaöryggisstofnunarinnar ætti einungis að vera leyfilegt að setja ungbarnablöndur og stoðblöndur, sem framleiddar eru úr vatnsrofsmyndefnum prótína, á markað ef samsetning þeirra er í samræmi við kröfurnar í þessari reglugerð. Þessar kröfur er hægt að uppfæra til að leyfa setningu blandna, sem eru framleiddar úr vatnsrofsmyndefnum prótína, á markað, sem eru með samsetningu sem er ólík þeirri sem þegar hefur hlotið jákvætt mat, í kjölfar mats Matvælaöryggisstofnunarinnar á öryggi þeirra og hentugleika í hverju tilviki fyrir sig. Að loknu mati Matvælaöryggisstofnunarinnar, á grundvelli rannsókna þar sem sýnt er fram á að tiltekin blanda, sem framleidd er úr vatnsrofsmyndefnum prótína, dragi úr hættu á myndun ofnæmis fyrir mjólkurprótínum, verður að auki tekið til frekari athugunar hvernig hægt er að upplýsa foreldra og umönnunaraðila um þessa eiginleika vörunnar á fullnægjandi hátt.
- 22) Í reglugerð (ESB) nr. 609/2013 er kveðið á um að merking, kynning og auglýsing á ungbarnablöndu og stoðblöndu skuli ekki þannig gerðar að þær letji brjóstgjafar. Visindaleg samstaða er um að brjóstamjól sé ákjósanlegasta fæðan fyrir heilbrigð ungbörn og Sambandið og aðildarríki þess eru enn ákveðin í að styðja brjóstgjöf. Í niðurstöðunum sem ráðið samþykkti um næringu og hreyfingu<sup>(10)</sup> var aðildarríkjum boðið að hvetja til og styðja fullnægjandi brjóstgjöf og samþykki aðildarríkjanna um aðgerðaráætlun ESB varðandi offitu barna 2014–2020, sem inniheldur röð aðgerða sem miða að því að auka tíðni brjóstgjafar í Sambandinu, var fagnað. Í þessu samhengi viðurkennir aðgerðaáætlun ESB áframhaldandi mikilvægi alþjóðareglna Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um markaðssetningu brjóstamjólurlíkis sem tilskipun 2006/141/EB var byggð á. Markmiðið með reglum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar, sem samþykktar voru á 34. alþjóðaheilbrigðisþinginu, er að stuðla að öruggri og hæfilegri næringu fyrir ungbörn með því að vernda og stuðla að brjóstgjöf og með því að tryggja rétta notkun brjóstamjólurlíkis. Þær fela í sér röð meginreglna, m.a. varðandi markaðssetningu, upplýsingar og ábyrgð heilbrigðisyfirvalda.
- 23) Í því skyni að vernda heilbrigði ungbarna ættu reglurnar, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og einkum þær sem snúa að merkingu, kynningu og auglýsingu, söluhvetjandi aðferðum og viðskiptaháttum, að halda áfram að vera í samræmi við meginreglur og markmið í alþjóðareglum um markaðssetningu brjóstamjólurlíkis, um leið og tekið er tillit til sérstakrar lagalegrar stöðu og aðstæðna í Sambandinu. Einkum hafa sannanir sýnt fram á að auglýsingar, sem er beint til neytenda, og aðrar markaðssetningar aðferðir hafa áhrif á foreldra og umönnunaraðila þegar þeir ákveða hvernig þeir vilja næra ungbörn sín. Af þessum sökum og með tilliti til sérstaks hlutverks ungbarnablöndu í fæðu ungbarna ætti að mæla fyrir um sértækar takmarkanir í þessari reglugerð er varða auglýsingar og aðrar markaðssetningar aðferðir fyrir þessa vörutegund. Þessi reglugerð ætti þó ekki að fjalla um skilyrði fyrir sölu sérrita um umönnun ungbarna og vísindarita.
- 24) Að auki hafa upplýsingar, sem veittar eru varðandi ungbarna- og smábarnafæði, áhrif á barnshafandi konur, foreldra og umönnunaraðila við val á tegund næringar fyrir börn. Það er því nauðsynlegt að mæla fyrir um kröfur til þess að slíkar upplýsingar tryggi fullnægjandi notkun viðkomandi vara og letji ekki til brjóstgjafar í samræmi við meginreglurnar í reglum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar.
- 25) Samkvæmt 2. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002<sup>(11)</sup> skulu aðildarríkin framfylgja lögum um matvæli og vakta og sannprófa að stjórnendur matvæla- og fôðurfyrirtækja uppfylli viðeigandi ákvæði í lögum um matvæli á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar. Í þessu samhengi, til að auðvelda skilvirkt, opinbert eftirlit með ungbarnablöndum og stoðblöndum, ættu stjórnendur matvælafyrirtækja, sem setja

<sup>(10)</sup> Stjtið. ESB C 213, 8.7.2014, bls. 1.

<sup>(11)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1).

ungbarnablöndur á markað, að láta lögbærum landsyfirvöldum í té eintak af merkimiðanum sem er notaður og allar viðeigandi upplýsingar sem teljast nauðsynlegar til að sýna fram á að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar. Svipaðar skuldbindingar ættu að gilda, að því er varðar tiltekna tegundir stoðblandna, nema aðildarríkin séu með annað skilvirkt vöktunarkerfi.

- 26) Til að gera stjórnendum matvælafyrirtækja kleift að aðlagast þessum nýju kröfum ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda á þeim degi er fjögur ár eru liðin frá því hún öðlast gildi. Með tilliti til fjölda og vægis nýju krafanna sem gilda um ungbarnablöndur og stoðblöndur, sem framleiddar eru úr vatnsrofsmyndefnum prótína, að því er varðar slíkar vörur, ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda á þeim degi er fimm ár eru liðin frá því hún öðlast gildi.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### 1. gr.

#### Setning á markað

1. Einungis má setja ungbarnablöndur og stoðblöndur á markað ef þær eru í samræmi við þessa reglugerð.
2. Óheimilt er að setja aðrar vörur en ungbarnablöndur á markað eða kynna aðrar vörur á þá leið að þær fullnægi einar og sér næringarþörf heilbrigðra ungbarna fyrstu mánuði ævinnar uns byrjað er að gefa þeim viðeigandi viðbótarfæðu.

##### 2. gr.

#### Kröfur varðandi samsetningu

1. Ungbarnablöndur skulu uppfylla kröfur varðandi samsetningu, sem settar eru fram í I. viðauka, að teknu tilliti til gildanna fyrir lífsnauðsynlegar og hálf-nauðsynlegar aminosýrur sem sett eru fram í III. viðauka.
2. Stoðblöndur skulu uppfylla kröfurnar varðandi samsetningu, sem settar eru fram í II. viðauka, að teknu tilliti til gildanna fyrir lífsnauðsynlegar og hálf-nauðsynlegar aminosýrur sem sett eru fram í III. viðauka.
3. Gildin, sem sett eru fram í I. og II. viðauka, skulu gilda um ungbarnablöndur og stoðblöndur sem eru tilbúnar til notkunar og eru markaðssettar sem slíkar eða sem tilbúnar til notkunar eftir tilreiðslu, í samræmi við fyrirmæli framleiðandans. Fyrir slíka tilreiðslu skal ekki þurfa annað en íblöndun vatns.

##### 3. gr.

#### Hentugleiki innihaldsefna

1. Framleiða skal ungbarnablöndur úr prótíngjöfum, eins og sett er fram í 2. lið I. viðauka, og öðrum innihaldsefnum matvæla eftir atvikum sem staðfest hefur verið með almennt viðurkenndum vísindagögnum að henti fyrir ungbörn frá fæðingu.
2. Framleiða skal stoðblöndur úr prótíngjöfum, eins og sett er fram í 2. lið II. viðauka, og öðrum innihaldsefnum matvæla eftir atvikum sem staðfest hefur verið með almennt viðurkenndum vísindagögnum að henti fyrir ungbörn eldri en sex mánaða.
3. Stjórnandi matvælafyrirtækis skal sýna fram á hentugleikann, sem um getur í 1. og 2. mgr., með kerfisbundinni endurskoðun á tiltækum gögnum, sem tengjast væntanlegum ávinningi og öryggisráðstöfunum, og, ef nauðsyn krefur, með viðeigandi rannsóknum sem framkvæmdar eru í samræmi við almennt viðurkenndar leiðbeiningar frá sérfræðingum um tilhögun og framkvæmd slíkra rannsókna.

##### 4. gr.

#### Kröfur varðandi varnarefni

1. Að því er varðar þessa grein merkir „leif“ leif af virku efni, eins og um getur í 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, sem er notað í plöntuverndarvöru, eins og um getur í 1. mgr. 2. gr. þeirrar reglugerðar, þ.m.t. umbrotsefni og efni sem myndast við niðurbrot eða efnahvörf virka efnisins.

2. Ungbarnablöndur og stoðblöndur skulu ekki innihalda leifar í meira magni en 0,01 mg/kg af hverju virku efni.

Þetta magn skal ákvarðað með almennt viðurkenndum greiningaraðferðum.

3. Þrátt fyrir 2. mgr. gilda þau hámarksgildi leifa, sem eru tilgreind í IV. viðauka, um virku efnin sem eru skráð í þann viðauka.

4. Ungbarnablöndur og stoðblöndur skulu eingöngu framleiddar úr landbúnaðarafurðum þar sem plöntuverndarvörur, sem innihalda virku efnin sem tilgreind eru í V. viðauka, hafa ekki verið notaðar.

Að því er varðar eftirlit skulu plöntuverndarvörur, sem innihalda virku efnin sem tilgreind eru í V. viðauka, þó ekki teljast hafa verið notuð ef leifar þeirra fara ekki yfir gildið 0,003 mg/kg.

5. Gildin, sem um getur í 2., 3. og 4. mgr., skulu gilda um ungbarnablöndur og stoðblöndur sem eru tilbúnar til notkunar og eru markaðssettar sem slíkar eða sem tilbúnar til notkunar eftir tilreiðslu, í samræmi við fyrirmæli framleiðandans.

#### 5. gr.

##### Heiti matvællanna

1. Heiti ungbarnablandna og stoðblandna, annarra en ungbarnablandna og stoðblandna sem eru einungis framleiddar úr kúamjólkur- eða geitamjólkurprótínunum, skulu vera eins og sett er fram í A-hluta VI. viðauka.
2. Heiti ungbarnablandna og stoðblandna, sem eru einungis framleiddar úr kúamjólkur- eða geitamjólkurprótínunum, skulu vera eins og sett er fram í B-hluta VI. viðauka.

#### 6. gr.

##### Sértækar kröfur varðandi upplýsingar um matvæli

1. Ungbarnablöndur og stoðblöndur skulu uppfylla kröfur reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011 nema kveðið sé á um annað í þessari reglugerð.
2. Auk þeirra lögboðnu upplýsinga sem tilgreindar eru í 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011 skulu eftirfarandi viðbótarupplýsingar vera lögboðnar fyrir ungbarnablöndur:
  - a) yfirlýsing um að varan henti ungbörnum frá fæðingu þegar þau eru ekki höfð á brjósti,
  - b) leiðbeiningar um rétta tilreiðslu, geymslu og förgun vörunnar ásamt viðvörðun um það heilsutjón sem hlotist getur af óviðeigandi tilreiðslu og geymslu,
  - c) yfirlýsing um yfirburði brjóstgjafar og yfirlýsing þar sem mælt er með því að varan sé einungis notuð að ráði hlutlausra einstaklinga með menntun á sviði lækisfræði, næringarfræði eða lyfjafræði eða annars fagfólks sem hefur umsjón með umönnun mæðra og ungbarna. Á undan upplýsingunum sem um getur í þessum lið skal koma orðið „áriðandi“ eða orð sömu merkingar og skal einnig koma fram í kynningu og auglýsingu á ungbarnablöndum.
3. Auk þeirra lögboðnu upplýsinga sem tilgreindar eru í 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011 skulu eftirfarandi viðbótarupplýsingar vera lögboðnar fyrir stoðblöndur:
  - a) yfirlýsing um að varan henti einungis ungbörnum eldri en sex mánaða, að hún ætti eingöngu að vera hluti af fjölbreyttri fæðu, að hana eigi ekki að nota í stað brjóstamjólkur fyrstu sex mánuði ævinnar og að sú ákvörðun að hefja gjöf viðbótarfæðu, þ.m.t. fyrir sex mánaða aldur, skuli aðeins tekin að ráði hlutlausra einstaklinga með menntun á sviði lækisfræði, næringarfræði eða lyfjafræði eða annars fagfólks sem hefur umsjón með umönnun mæðra og ungbarna, sem byggist á sérstökum vaxtar- og þroskaþörfum hvers ungbarns,
  - b) leiðbeiningar um rétta tilreiðslu, geymslu og förgun vörunnar ásamt viðvörðun um það heilsutjón sem hlotist getur af óviðeigandi tilreiðslu og geymslu.



4. Ákvæði 2. og 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011 gilda einnig um lögboðnar viðbótarupplýsingar sem um getur í 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

5. Allar lögboðnar upplýsingar um ungbarnablöndur og stoðblöndur skulu birtar á tungumáli sem er auðskiljanlegt fyrir neytandann.

6. Merking, kynning og auglýsing á ungbarnablöndu og stoðblöndu skulu veita nauðsynlegar upplýsingar um rétta notkun varanna án þess að latt sé til brjóstgjafar.

Við merkingu, kynningu og auglýsingu á ungbarnablöndum og stoðblöndum skal ekki nota orðin „líkist brjóstamjólk“, „aðhæfð móðurmjólk“, „aðhæfð“ eða álíka orð.

Merking, kynning og auglýsing á ungbarnablöndum og stoðblöndum skulu þannig gerðar að ekki sé nein hættu á að neytendur ruglist á ungbarnablöndum og stoðblöndum og geri þeim kleift að gera skýran greinarmun á þeim, einkum að því er varðar texta, myndir og líti sem notuð eru.

#### 7. gr.

##### Sértækar kröfur varðandi næringaryfirlýsinguna

1. Til viðbótar við upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011 skal lögboðna næringaryfirlýsingin fyrir ungbarnablöndur og stoðblöndur innihalda magn hvers steinefnis og vítamíns sem tilgreind eru í I. eða II. viðauka við þessa reglugerð, eftir því sem við á, og koma fyrir í vörinni, að undanskildu mólýbdeni.

Lögboðna næringaryfirlýsingin fyrir ungbarnablöndu skal einnig innihalda magn kólíns, inósítóls og karnítíns.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011 skal lögboðna næringaryfirlýsingin fyrir ungbarnablöndur og stoðblöndur ekki innihalda magn salts.

2. Til viðbótar við upplýsingarnar sem um getur í a- til e-lið 2. mgr. 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011 má bæta við lögboðnu næringaryfirlýsinguna fyrir ungbarnablöndur og stoðblöndur einu eða fleiri af eftirfarandi:

a) magn efnisþátta prótíns, kolvetnis eða fitu,

b) hlutfall mysuprótíns/kaseíns,

c) magn þeirra efna sem tilgreind eru í I. eða II. viðauka við þessa reglugerð eða í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 609/2013 ef upplýsingar um einhver þessara efna falla ekki undir 1. mgr.,

d) magn þeirra efna sem er bætt við vöruna skv. 3. gr.

3. Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011 skal ekki endurtaka upplýsingarnar í lögboðnu næringaryfirlýsingunni fyrir ungbarnablöndur og stoðblöndur á merkingunni.

4. Næringaryfirlýsingin skal vera lögboðin fyrir allar ungbarnablöndur og stoðblöndur án tillits til stærðar stærsta yfirborðsflatarins á umbúðunum eða ílátinu.

5. Ákvæði 31. til 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011 gilda um öll næringarefni í næringaryfirlýsingunni fyrir ungbarnablöndur og stoðblöndur.

6. Þrátt fyrir ákvæði 31. gr. (3. mgr.), 32. gr. (2. mgr.) og 33. gr. (1. mgr.) reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011 skal orkugildi og magn næringarefna í ungbarnablöndum og stoðblöndum gefið upp fyrir 100 ml af matvælum, sem eru tilbúin til notkunar eftir tilreiðslu, í samræmi við fyrirmæli framleiðandans. Upplýsingarnar geta auk þess, eftir því sem við á, vísað til 100 g af matvælunum eins og þau eru seld.

7. Þrátt fyrir ákvæði 3. og 4. mgr. 32. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1169/2011 skal orkugildi og magn næringarefna í ungbarnablöndum og stoðblöndum ekki gefið upp sem hundradshluti af þeirri viðmiðunarneyslu sem sett er fram í XIII. viðauka við þá reglugerð.

Auk upplýsingagjafarsniðsins, sem um getur í 6. mgr. ef um er að ræða stoðblöndur, er heimilt að gefa yfirlýsinguna um vítamín og steinefni, að því er varðar vítamínin og steinefnin sem tilgreind eru í VII. viðauka við þessa reglugerð, upp sem hundradshluta af þeirri viðmiðunarneyslu sem sett er fram í þeim viðauka í tengslum við magn í hverjum 100 ml af matvælum, sem eru tilbúin til notkunar eftir tilreiðslu, í samræmi við fyrirmæli framleiðandans.

8. Upplýsingarnar í næringaryfirlýsingunni fyrir ungbarnablöndur og stoðblöndur sem eru ekki tilgreindar í XV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1169/2011 skulu gefnar upp eftir þeirri færslu í viðaukanum, sem á best við, sem þær tilheyra eða eru hluti af.

Upplýsingar sem eru ekki tilgreindar í XV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1169/2011 sem tilheyra ekki eða eru ekki hluti af neinum færslum í þeim viðauka skulu gefnar upp í næringaryfirlýsingunni á eftir síðustu færslu þess viðauka.

#### 8. gr.

##### Næringar- og heilsufullyrðingar fyrir ungbarnablöndur

Ekki skal nota næringar- og heilsufullyrðingar fyrir ungbarnablöndur.

#### 9. gr.

##### Yfirlýsingar sem tengjast laktósa og dókósaheksýru (DHA)

1. Heimilt er að nota yfirlýsinguna „eingöngu laktósi“ fyrir ungbarnablöndur og stoðblöndur að því tilskildu að laktósi sé eina kolvetnið í vörinni.

2. Heimilt er að nota yfirlýsinguna „laktósasnauður“ fyrir ungbarnablöndur og stoðblöndur að því tilskildu að laktósaíhaldið í vörinni sé ekki meira en 2,5 mg/100 kJ (10 mg/100 kkal).

Þegar yfirlýsingin „laktósasnauður“ er notuð fyrir ungbarnablöndur og stoðblöndur, sem eru framleiddar úr prótíngjöfum öðrum en sojaprótíneinangrum, skal henni fylgja yfirlýsingin „hentar ekki ungbörnum með galaktósadreyra“ sem skal vera af sömu leturstærð og með sömu áherslu og yfirlýsingin „laktósasnauður“ og staðsett mjög nálægt henni.

3. Yfirlýsingarnar „inniheldur dókósaheksýru (eins og krafist er samkvæmt löggjöf fyrir allar ungbarnablöndur)“ eða „inniheldur DHA (eins og krafist er samkvæmt löggjöf fyrir allar ungbarnablöndur)“ má einungis nota fyrir ungbarnablöndur sem settar eru á markað fyrir 22. febrúar 2025.

#### 10. gr.

##### Kröfur varðandi söluhvetjandi aðferðir og viðskiptahætti sem varða ungbarnablöndur

1. Einungis er heimilt að auglýsa ungbarnablöndur í séríttum um umönnun ungbarna og í vísindaritum.

Aðildarríkjum er heimilt að takmarka eða banna slíkar auglýsingar enn frekar. Slíkar auglýsingar skulu eingöngu innihalda vísindalegar upplýsingar og upplýsingar byggðar á staðreyndum. Með þessum upplýsingum er óheimilt að gefa til kynna eða vekja trú á að pelagjöf jafngildi brjóstagjöf eða taki henni fram.

2. Óheimilt er að auglýsa á sölustöðum, afhenda sýnishorn eða beita öðrum söluhvetjandi ráðum, sem er beint til neytenda, til að glæða smásölu ungbarnablanda, t.d. með sérúttillingum, afsláttarmiðum, verðlaunum, söluherferðum, sölu undir kostnaðarverði og pakkatilboðum.



3. Framleiðendum og aðilum, sem annast dreifingu ungbarnablandna, er óheimilt að útdeila vörum, ókeypiss eða á niðursettu verði, eða sýnishornum eða öðrum söluhvetjandi gjöfum til almennings eða barnshafandi kvenna eða til mæðra eða fjölskyldna þeirra, annaðhvort með beinum eða óbeinum hætti gegnum heilsugæslukerfið eða starfsmenn heilsugæslunnar.

4. Birgðir af ungbarnablöndum, sem gefnar eru stofnunum eða samtökum eða seldar þeim á vægu verði, hvort sem nota á þær í þessum stofnunum eða dreifa þeim utan þeirra, skulu aðeins notaðar af eða dreift handa ungbörnum sem næra verður á ungbarnablöndum og aðeins eins lengi og þau þurfa þess með.

#### 11. gr.

##### **Kröfur varðandi upplýsingar sem varða ungbarna- og smábarnafæði**

1. Aðildarríkin skulu gera ráðstafanir til að tryggja að fjölskyldum og þeim sem fást við næringu ungbarna og smábarna séu veittar hlutlægar og samræmdar upplýsingar um næringu ungbarna og smábarna og tryggja skipulag, öflun, útfærslu og dreifingu þessara upplýsinga og eftirlit með þeim.

2. Upplýsinga- og fræðsluefni, sem er sett fram í rituðu máli eða með mynd- og hljóðmiðlum, fjallar um næringu ungbarna og er ætlað barnshafandi konum og mæðrum ungbarna og smábarna, skal innihalda skýrar upplýsingar um öll eftirtalin atriði:

- a) kosti og yfirburði brjóstgjafar,
- b) næringu fyrir móðurina, undirbúning fyrir brjóstgjöf og hvernig eigi að viðhalda brjóstgjöfinni,
- c) hugsanleg neikvæð áhrif þess á brjóstgjöf að gefa pela jafnhliða henni,
- d) vandkvæði því samfara að breyta þeirri ákvörðun að gefa ekki brjóst,
- e) þar sem þess er þörf, rétta notkun ungbarnablandna.

